

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Örfirisey



Dags eftirlits	17.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmahlóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Helgi Árnason	Staðsetning	356850,845 409700,409

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram við eftirlit en tvær ábendingar voru settar fram er varða að upplýsingar um þjónustu við olíuskiljur voru ekki til staðar við eftirlit og að niðurstöður mælinga úr gufuendurnýtingarþúnaði voru ekki framsettar á því formi sem starfsleyfið kveður á um.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Um er að ræða olíubirgðastöð rekstraraðila í Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfið tekur til geymslu á allt að 8.200 m³ af olíu og allt að 9.100 m³ af bensíni í geymum félagsins. Einnig er móttaka, hreinsun og endursala á úrgangsolíu heimiluð.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Ekkert frávik frá starfsleyfi kom fram í síðasta eftirliti árið 2022 en ein ábending var sett fram um að endurtaka þurfi mælingu í gufuendurnýtingarþúnaði (VRU) stöðvarinnar. Ný mæling var gerð þann 15.12.2022 og voru gildin þá innan marka starfsleyfisins. Endurskoðun starfsleyfisins fór fram árið 2021 þar sem bætt var við heimild til hreinsunar og endurnýtingar úrgangsolíu ásamt heimild til dreifingar á markaði innanlands. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2024 og hefur rekstraraðili nú þegar sótt um nýtt starfsleyfi og er það í vinnslu hjá Umhverfisstofnun.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti og engar breytingar eru fyrirhugaðar er varða starfsleyfi rekstraraðila.

Alls eru 19 olíugeymar í stöðinni og voru þeir flestir botnþykktarmældir á árunum 2017-2022. Geymir T0107 (101.12.00) var þykktarmældur nú í ár og ekki gerð athugasemd við áframhaldandi notkun hans. Nú í ár skal einnig þykktarmæla geymi T0171 (101.04.00) og geymi T0170 (101.01.00) árið 2024. Skv. gr. 3.2 í starfsleyfi skal þykktarmæla alla geyma á 10 ára fresti og þrýstiprófa niðurgrafnar lagnir á 5 ára fresti. Tólf löndunar- og afgreiðslulagnir eru í stöðinni og voru þær allar prófaðar árið 2018. Þær skulu því þrýstiprófaðar aftur nú í ár. Geymir T0025 (101.21.00) hefur verið fjarlægður úr stöðinni og fluttur í starfsstöð rekstraraðila á Patreksfirði.

Undantöppun geyma er sett í efnabamba og dælt þaðan aftur yfir í olíugeymi eftir fellingu, engin undantöppun fer í olíuskilju.

Bensín er geymt í stöðinni og samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 252/1999, um varnir við losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC), er gufuendurnýtingabúnaður í stöðinni og skal skv. gr. 2.1 í starfsleyfi, meðalstyrkur bensíngufu í útblæstri hans ekki fara yfir 35 g/Nm³ á klst. Búnaðurinn var þjónustaður og mæling gerð daganna 13.-15. desember 2022. Niðurstöður þeirra mælinga voru ekki gefnar upp sem meðaltalsklukkustundargildi en hæstu toppar sýndu að gildin fóru aldrei yfir 2,3 g/m³ á þeim tíma er mælingin stóð yfir og sýnir því að niðurstöður mælingarinnar voru innan marka starfsleyfisins. Bent er á að skila þarf niðurstöðum mælinga á því formi sem kveðið er á um í starfsleyfinu.

Olíuskiljur stöðvarinnar eru sameiginlegar með Gallon ehf., og sjá þeir um þjónustu þeirra og hreinsun. Fimm olíuskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir að meðaltali á 3ja mánaða fresti. Rekstraraðili er minntur á að þó svo Gallon sé ábyrgt fyrir mælingunum þá þurfa niðurstöður þeirra og aðrar upplýsingar að liggja fyrir hjá rekstraraðila og vera aðgengilegar eftirlitsmanni við eftirlit. Allar skiljur voru hreinsaðar í mars sl. en nánari upplýsingar lágu ekki fyrir og var óskað eftir því að þær upplýsingar væru sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu. Gögnin hafa ekki borist.

Farið var yfir skráningar í rekstrarhandbók sem og önnur skjöl sem þar voru og ekki gerðar athugasemdir þar um. Vottun umhverfisstjórnunarkerfis ISO 14001:2015 hefur verið endurnýjuð til ársins 2026.

Starfsleyfi, áhættumat vegna starfseminnar, viðbragðsáætlun, neyðaráætlun, verklagsreglur um löndun, aðgerðaáætlun, öryggisblöð skv. REACH og skráningar eru vistaðar í rafrænni rekstrarhandbók sem og útprentað í rekstrarhandbók sem aðgengleg er í stöðinni. Teikning af stöðinni, flæðirit og viðbragðsáætlun var sýnilegt upp á vegg í starfsstöð. Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskirteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Olíublautur úrgangur og aska vegna úrgangsolíumeðhöndlunar er sóttur af Íslenska gámafélaginu en annar úrgangur er flokkaður og sóttur af sorphirðu sveitarfélagsins. Verkferli, sem tryggir að ekki myndist ólykt vegna meðhöndlunar úrgangsolíu eins og krafa er um í gr 2.11 í starfsleyfi er fylgt við vinnslu úrgangsolíunnar. Ekki var um mikla lykt frá starfseminni að ræða er eftirlitið fór fram.

Gengið var um stöðina og var hún snyrtileg á að líta. Nýtt stjórnkerfi fyrir VRU kerfið var skoðað, gengið var um þrær í kringum geymana og um vinnsluvæði úrgangsolíunnar. Mynd af lögnum og geymum var skoðuð í anddyri stöðvarhúss. Girðingar eru heilar og hlið voru læst þegar að var komið.

ÁBENDINGAR

Ábending er sett fram um að þó svo Gallon sé ábyrgt fyrir mælingunum þá þurfa niðurstöður þeirra og aðrar upplýsingar að liggja fyrir hjá rekstraraðila og vera aðgengilegar eftirlitsmanni við eftirlit. Upplýsingar um síðustu mælingar og hreinsanir lágu ekki fyrir hjá rekstraraðila er eftirlitið fór fram.

Ábending er sett fram um að skila þarf niðurstöðum mælinga á því formi sem kveðið er á um í starfsleyfinu. Úrblástursgildi úr gufuendurnýtingarbúnaði þurfa vera á forminu g/Nm³ en ekki einungis línurit sem prósentugildi á tíma.

ANNAÐ

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærri hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 19.06.2023

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Guðbjörg Stella Árnadóttir